

Fundur stýrihóps um heilsueflandi samfélag haldinn í Ráðhúsi Borgarbyggðar 20. febrúar 2019 kl.15:30.

Mætt: Gunnlaugur A. Júlíusson, Silja E. Steingrímisdóttir, Íris Grönfeldt, Sigurður Guðmundsson, Jóhannes, Hanna Sigríður Kjartansdóttir. Fundargerð ritaði Anna Magnea Hreinsdóttir.

Dagskrá:

1. Staða verkefna

- Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri UMSB safnaði saman upplýsingum um framboð á hreyfingu í Borgarbyggð og hvar/hvenær æfingar eru haldnar. Búið er að auglýsa framboðið víða, m.a. á heimasíðu Borgarbyggðar, facebook síðu, heilsueflandi samfélagssíðunni og facebook síðu íþróttamiðstöðvarinnar. Einnig í Íbúanum sem var dreift í öll hús. Ákveðið var að dreifa framboðinu í öll hús. Sigurður Guðmundsson og Anna Magnea tóku að sér að gera það.
- Einnig var talað um að merkja gönguleiðir í sveitarfélaginu og gera þær aðgengilegar t.d. með skiltum. Ákveðið að setja niður fjögur skilti sem UMSB á um gönguleiðir á fjöllum með vorinu. Sigurður Guðmundsson tekur það að sér.
- Lista upp reiðleiðum. Reiðleiðir eru aðgengilegar á <http://www.map.is/lh/>
- Merkja gönguleið í Einkunum – kort er aðgengilegt á heimasíðu Borgarbyggðar, https://borgarbyggd.is/Files/Skra_0029427.pdf og upplýsingar um gönguleiðir á Vesturlandi, <https://www.west.is/is/afthreyning/ganga> Anna Magnea tekur að sér að kynna gönguleiðirnar á facebook síðu Heilsueflandi samfélags og Borgarbyggðar þegar vorar.
- Anna Magnea tekur að sér að hvetja grunnskóla til að hvetja nemendur og starfsfólk til að ganga og hjóla í skólann í þéttbýli, <http://hjolumiskolann.is/> í vor.
- Verið er að bæta í göngustíga í þéttbýli og verður því áfram haldið.
- Halda fræðslukvöld og fyrirlestra um áherslur heilsueflandi samfélags. Næsti fyrirlestur er á alþjóðlega gleðideginum 20. mars nk. Bergþór Pálsson mun fjalla um lífsgleði og velgengi eftir pöntun. Fyrirhugað er að halda fyrirlestur í haust um svefn.
- Heilsufarsmælingar hafa verið gerðar í stofnunum Borgarbyggðar í febrúar sl.
- Koma á heilsufarsmælingum í félagsstarfi aldaraðra ef áhugi er fyrir því. Anna Magnea tekur að sér að heyra í Öldungaráði um málið.
- Hvetja fyrirtæki til heilsueflingar. Virk, Vinnueftirlitið og Embætti landlæknis hafa undirritað samning um að koma á heilsueflandi vinnustöðum. Unnið verður að gerð viðmiða og verkefninu komið á. Borgarbyggð mun hvetja fyrirtæki í sveitarfélaginu til að gerast heilsueflandi vinnustaðir.
- Vekja athygli á Hreyfiviku UMFÍ í maí, <https://iceland.moveweek.eu/>
- Lýðheilsugöngur FI í september, <http://lydheilsa.fi.is/>
- Koma á Vatnagönguleið og auglýsa hana. Sigurður Guðmundsson tekur að sér að boða fund með áhugasömum aðilum eins og t.d. Björgunarsveitum og Flandra og athuga með undirtektir og hvort hugmyndin er framkvæmanleg.
- Hvetja íbúa Borgarbyggðar á facebook síðu heilsueflandi Borgarbyggðar.
- Halda uppeldisnámskeið fyrir foreldra. Leikskólarnir halda árlega námskeið. Anna Magnea tekur að sér að athuga með hvort grunnskólarnir geti komið slíku á.
- Efla hátíðina íþróttamaður Borgarbyggðar og halda t.d. fræðslu samhliða. Vel tókst til með hátíðina íþróttamaður ársins í janúar og vilji er til að halda áfram að styrkja

hátíðina og stækka. Þeim sem heiðraðir voru hafa verið kynntir á síðustu mánuðum og hefur það heppnast vel.

Unnið verður að ofangreindum verkefnum á næstu mánuðum. Ákveðið að funda aftur í ágúst, eða fyrir ef þurfa þykir.

Fleira ekki gert. AMH

Fundi slitið kl.17:00